

LISTIR

Rauðvík

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

MÁLVERK - CLAUD EGEMOSE, NINA ROOS, TUMI MAGNÚSSON og JOHAN VAN OORD

Til 12. mars. Opíð daglega frá kl. 10-18. Aðgangur kr. 300. Ókeypiss mánudaga.

RAUÐVIK kallast fyrirbærið þegar litróf fjarlægjar stjörnu, eða stjörnuþoku sveigist til rauðs litar. Yfirleitt er fyrirbærið skýrt með svokölluðum Doppler-hrífum, en austurríski eðlisfræðingurinn Christian Johann Doppler, gerði sér fyrstur manna grein fyrir fyrirbærinu árið 1842. Doppler-hrífinn leiða í ljós breytingar sem verða á bylgju-tíðni þegar sá hinn sami hreyfist í takt við bylgjuna sem nemur hana. Þannig eykst tíðnin þegar hann nálg-

ast uppruna bylgjunnar, en þverr ef hann fjarlægist staðinn. Hvað varðar hljóðbylgjur þá orsaka Doppler-hríf-in fall á tónhæð eimpípu þegar járnbrautarlest æðir framhjá, og hljóð-hvell þegar stuðbylgjur frá hljóðfrárru þotu skella á hlustum áheyrenda á jörðu niðri. Hvellirnir geta verið tveir; þegar nef þotunnar rífur keilulaga bylgjusveiminn með því að halda framúr honum og aftur; þegar stél hennar klýfur hann. Þá getur þotan verið horfin sjónum okkar þegar hvellunum þóknast að skella til jarðar.

Rauðvíkin sýna að stjörnur og stjörnuþokur fjarlægjast okkur. Þannig eru þau helstu rök okkar fyrir útpenslu alheimsins og bjúglögum hans. Blávík skynjum við hins vegar þegar hlutir nálgast okkur utan úr geimnum.

Undirtitillinn á sýningu fjórmenn-inganna, Egemose, Roos, van Oord og Tumi Magnússonar - „Málverk í og út úr fókusi“ - verður því ekki skilinn öðruvísi en svo að þar fari verk sem búi yfir áhrifamætti sjálfra him-

intunglanna. Það er allsérstakt því yfirleitt kjósa listamenn að vitna til hugans og ímyndunarafslins innra með okkur fremur en óravíddanna utan og ofan okkar. En þegar texti Tom Juul Andersen, dósentis í stjarn-eðlisfræði, er lesinn í ágætri íslenskri þýðingu - og sannar að sýningar-skráin er góðra gjalda verð - verður manni hugsað til orða Johns heitins Constable, hins mikla rómantíska, 19. aldar málara: „Ímyndunaraflið má sín lítils frammi fyrir óendanlegu ríkidæmi raunveruleikans.“

Sýning Claus, Nínu, Jóhanns og Tuma sýnir svo ekki verður um villst að abstraktmálverkið lifir góðu lífi í trássi við allar hrakspár og barlóm listunnenda, sem eru býsna ötulur við að klifa á bágru stöðu málverksins þessum „síðustu og verstu...“

En málverkið lifir góðu lífi, og síst væsir um það á sýningunni í vestur-sal Kjarvalsstaða. Norrænu málara-arnir þeir og hollenskur gestur þeirra eru að vísu af þeim gæðastaðli sem er alltof sjaldgæfur í hinu dag-lega haframélsulli sem líka vill láta kalla sig málalalisti, þótt þar sé að-eins tjaldað til einnar nætur, eða nægilega lengi til að blekið á ávisunni þorni sem ríkir menn eru stöð-ugt að fleygja í verðlausa vitleysu,



Ónefnt málverk eftir Ninu Roos, 1998. Olía á akrýlgler, 30 x 35 cm.

sennilega af því þeim finnst þenslan ekki næg og draslið ekki njóta sann-mælis.

Claus Egemose spilar í verkum sínum á mismunandi glans og áferð. Eitt af verkum hans líkist meir að segja húddi af bíl, enda fagurlega málað með bílalakki. Frá nætur-dökkum og möttum litum til áferðar-ríkra, háfgransandi og þykkra smurningsverka liggur leið Egemose áfram gegnum frumskóg aðferðar-fræðinnar þar sem hann varðveitir frelsi sitt og gefur sjálfum sér leyfi til að gera eitt í dag og annað á morgun.

Nina Roos er einnig smituð af þessum leikandi frelsisanda sem fólgin er í ómælisvíddum alheims-ins. Hún hefur ekki áður leyft sér jafnhiklaus vinnubrögð á plexiglerið, sem ljær verkum hennar sérkenni-lega mjólkurlitan og þokukennan svip. Frammi fyrir verkum hennar finnst áhorfandanum sem hann sé í þann mund að höndla hlutveruleik-ann, en verður þess jafnskjótt ás-kynja að allt hrekkur undan sjónum hans af því að veröldin er ekki kyrr-stæð.

Heillandi og næsta barnaleg kerfi Johans van Oord búa hins vegar yfir

litraenum blæbrigðum sem kallast á við verk Ninu um leið og þau gefa til kynna að ef til vill njóti málalalisti- nín best þegar hún er laus við drama-tískar áætlanir og stórbrotin áform, en leyfir sér að umfaðma látleysið og hversdagsleikann, trú töfrum andar-taks og augnabliks.

Og Tumi Magnússon ítrekar þann skilning með myndröð sinni sem fjallar um lit kaffisins og vökvanna sem undan okkur renna þegar kaffi-drykkjan hefur náð hámarki. Móti þessari myndröð leikur hann sér svo með nýstárleg jaðarverk; afmyndað-ar litastúdíur af óæðri enda ýmissa tækja sem við getum ekki án verið, svo sem síma og vekjaraklukku. Þessum litastúdíum, útfærðum með blekspraututækni á renninga, finnur hann svo dásamlega látlausan stað á jöðrum skilveggjanna í salnum.

Rauðvík, eða „Málverk í og út úr fókusi“, er sýning sem sýnir okkur hvernig málalalisti artar sig, og hversu mjög ferli hennar svipar til rauðvíka og blávíka, allt eftir því hvernig við erum innstillt gagnvart óendanlegum möguleikum hennar.

Halldór Björn Runólfsson



NÁMSKEIÐ Á VORÖNN 2000

TUNGUMÁL	ÍSLENSKA	VIDEOTAKA	GÓMSÆTIR
10 vikna námskeið 20 kennslustundir Kennir er í byrjenda-, framhalds- og talaefingaflokkum	fyrir útdendinga Byrjendur 10 vikna námskeið 20 kennslustundir	1 viku námskeið 14 kennslustundir	bauna-, pasta- og grænmetisréttir
ENSKA	BÓKBAND	BÚTASAUMUR	framhaldsnámskeið
Enska I	10 vikna námskeið 40 kennslustundir	6 vikna námskeið 24 kennslustundir	3 vikna námskeið
Enska I frh	GLERLIST	BÚTASAUMSTEPPI	12 kennslustundir
Enska II	10 vikna námskeið 40 kennslustundir	4 vikna námskeið 16 kennslustundir	BRAUÐBAKSTUR
Enska II frh	KÁNTRÝ FÖNDUR	FATASAUMUR	1 viku námskeið
Enska III-IV	Gluggahlarar 8 kennslust. Dagatal 8 kennslust. Klukka 8 kennslust.	6 vikna námskeið 24 kennslustundir	5 kennslustundir
Tal og leshópur	KÓRFUGERÐ	BÓKHALD smærri fyrirtækja	FRÖNSK MATARGERÐ
DANSKA	Laukarfa 5 kennslust. Eplakarfa 10 kennslust. Melónukarfa og brauðbakki	4 vikna námskeið 24 kennslustundir	2 vikna námskeið
Upprifjun á grunnskóladönsku Tal og leshópur	LEIRMÓTUN	VÉLRITUN	8 kennslustundir
NORSKA	6 vikna námskeið 25 kennslustundir	10 vikna námskeið 20 kennslustundir	HEIMILISGARÐURINN
Norska I-II Norska III	SKRAUTRITUN	RÉTTTRITUN OG MÁLFRÆÐI	2 viku námskeið
SÆNSKA	10 vikna námskeið 20 kennslustundir	8 vikna námskeið 16 kennslustundir	8 kennslustundir
Sænska fyrir tvítýngd börn 9-12 ára	IJÓSMYNDATAKA	Tölvunámskeið: WORD og WINDOWS fyrir byrjendur 4 vikna námskeið 20 kennslustundir	TRJÁKLIPPINGAR
Sænska I-II Sænska III	3 vikna námskeið 9 kennslustundir	WORD II	1 viku námskeið
FRANSKA	TRÉSMÍÐI	4 vikna námskeið 20 kennslustundir	5 kennslustundir
Franska I Franska I frh Tal og leshópur	9 vikna námskeið 36 kennslustundir	EXCEL fyrir byrjendur 3 vikna námskeið 20 kennslustundir	EIGIN ATVINNUREKSTUR
ÍTALSKA	TRÖLLADEIG	INTERNETIÐ OG TÖLVUPÓSTUR	2 vikna námskeið
Ítalska I Ítalska I frh.	2 vikna námskeið 8 kennslustundir	1 viku námskeið 8 kennslustundir	20 kennslustundir
SPÆNSKA	ÚTSKURÐUR	FITUSNAUTT GRÆNMETISFRÆÐI	REKSTUR OG STJÓRNUN FYRIR/ÆKJA
Spænska I Spænska I frh Spænska II	9 vikna námskeið 36 kennslustundir	3 vikna námskeið 12 kennslustundir	Námskeið í samvinnu við Atvinnumálanefnd Kóp. og útíð Búnaðarbankans í Kóp. · Fjármögnun atvinnufyrirtækja · Markaðssetning og sala · Viðskipti á Internetinu
	FRÍSTUNDAMÁLUN		
	8 vikna námskeið 32 kennslustundir		

Starfsmenntunarsjódir ýmissa stéttarfélaganna styrkja félagsmenn sína til náms í Kvöldskóla Kópavogs, t.d. BSRB, BHMR, Sókn, Dagsbrún, Framsókn - stéttarfélag, VR og Starfsmannafélag Kópavogs.

Fyrstu námskeiðin hefjast 24. janúar

Innritun og upplýsingar um námskeiðin 10.-20. janúar kl. 17-21

í sínum 564 1507, 564 1527 og 554 4391 og á skrifstofu Kvöldskólans í Snælandsskóla.

Stjörnuþá á Netinu

mbl.is

ALLTAF EITTHVAÐ NÝTT

(A4). Höfundar hafa frjálshar hendur um efni sögunnar en það skal vera frumsmíð og ekki hafa heyrst né verið birt áður. Ekki er nauðsynlegt að höfundar skili endanlega unnum myndum með handritinu, en æskilegt að skissur að myndum fylgi og að minnsta kosti ein fullunnin mynd sem og umbrotstillaga að verkinu. Höfundar skulu merkja verk sín dulnefni en láta eftir nafn og heimilisfang fylgja með í lokuðu umslagi. Handritum ásamt myndum verði skilað ekki seinna en 1. maí næstkomandi til Æskunnar ehf. Stangarhyl 4 í Reykjavík - merkt Samkeppni 2000.

Dómnefnd skipa þrjú einstaklingar frá þeim aðilum sem standa að verðlaunasamkeppninni; Búnaðarbankanum, Sjóvá-Almennum og Æskunni. Það verk sem dómnefnd telur skara fram úr hlýtur verðlaunin og verður samningur um útgáfu verksins undirritaður þegar úrslit verða kynnt. Höfundarlausn verða greidd sérstaklega. Vinni textahöfundur og myndahöfundur verkið í sameiningu er gengið út frá því að þeir skipti jafnt með sér höfundarlausnum fyrir verkið. Um höfundarlausn fer að öðru leyti skv. 14. grein útgáfusamnings Félags íslenskra bókaútgefenda og Rithöfundasambands Íslands. Verðlaunin verða afhent við útkomu bókar í september 2000.